

BORGARRÁÐ 2. nóvember 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um rýmingaráætlun fyrir miðbæ Reykjavíkur - MSS23110011

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort rýmingaráætlun úr miðbæ Reykjavíkur sé til, ef tæma þyrfti svæðið skyndilega af einhverjum orsökum. Á Kvennavekfallsdaginn var slíkt mannhaf samankomið á Arnarhól og næsta umhverfi að fulltrúa Flokks fólksins var hugsað til þess hvernig myndi ganga að rýma svæðið hratt og örugglega ef þess þyrfti vegna t.d. aðsteðjandi ógnar eða alvarlegrar uppákomu sem skaðað gætu fjölda manns. Fleiri tilefni eru sambærileg og má nefna t.d. þegar tónleikar eru í Lækjargötu og Hjómuskálagarði á 17. júní og Menningarnótt.